

**648. fundur haldinn mánudaginn 30. júní kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 647. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Ferðamálaráðstefnan 2003

Nokkur umræða varð um staðsetningu og meginumræðuefni þessarar ráðstefnu.

Afgreiðsla: Samþykkt að ráðstefnan verði í Mývatnssveit 16. og 17. október og að meginumræðuefnið verði: Árangur af breyttum áherslum í markaðssetningu.

3. Gæðaflokkun tjaldsvæða á Ísland.

Lagðar fram tillögur sem hafa verið í vinnslu undanfarna mánuði.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Erindi Austfars

Lagt fram bréf Austfars þar sem óskað er eftir fjárstuðningi vegna reksturs upplýsingamiðstöðvar á Seyðisfirði.

Afgreiðsla: Ferðamálastjóra falið að svara erindinu með skýringum á því með hvaða hætti hefði verið staðið að ákvörðun um ráðstöfun fjár til upplýsingamiðlunar á þessu ári.

5. Næstu skref í könnunum og rannsóknum

Lögð fram þarfagreining sem Gallup hefur unnið fyrir Ferðamálaráð þar sem ferðapjónustuaðilar voru spurðir um hvaða kannanir og rannsóknir væri mikilvægast að sinna á næstunni.

Afgreiðsla: Ferðamálastjóra falið að leggja fram tillögu að næstu aðgerðum á næsta fundi ráðsins.

6. Önnur mál

Formaður gerði að tillögu sinni að ráðið héldi fund á Akureyri dagana 1. og 2. september og þar yrði starfsemi ráðsins á Akureyri kynnt sérstaklega.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Formaður gerði að tillögu sinni að ráðið færi til Seyðisfjarðar 7. ágúst og kynnti sér nýja Norrænu og starfsemi Smyril Line. auk þess að skoða aðrar nýjungar í ferðapjónustu á svæðinu.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:50